

Melóna





Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar



Má ég fá melónu?
sagði Fúsi.



Ég á ekki melónu, sagði mamma.

Má ég fara í Nes
og ná í melónu? sagði Fúsi.

Já, og ananas,
sagði mamma.



Hvað sérð þú í ísskápnum? Á hvað er Fúsi að benda?
Hvaða ávexti þekkir þú? Hefur þú smakkað melónu og ananas?



Fúsi fer í Nes
að ná í melónu
og ananas.



Jónas, ég á að fá
ananas og melónu,
sagði Fúsi.



Jæja, Fúsi minn, sagði Jónas.
Ég á melónu núna
en ekki ananas.

Æ, æ, sagði Fúsi.

Og Fúsi fær melónu
en ekki ananas.

Hvað er í hillunum? En á borðinu? Á hvað er búðarmaðurinn að benda?
Geturðu séð hvað margar melónur eru í kassanum?



Fúsi sá Jóa.

Jói var að fara í afmæli.

Afi á afmæli,
sagði Jói.

Afi á að fá síma,
far-síma.

Amma mín
á farsíma, sagði Fúsi,
en ekki afi.

Jói fer í afmæli afa.
En Fúsi fer ekki
í afmæli núna.



Hvað heita strákarnir? Hvert er Jói að fara? Er Fúsi að fara í afmæli?
Hvað er í pakknum?

Mamma, sagði Fúsi,
Jónas í Nesi á
ekki ananas núna.

En melónu?
sagði mamma.

Já, Jónas á fínar melónur,
sagði Fúsi.





Má ég fá melónu?

Já, já, sagði mamma.
Og Fúsi fær melónu.

Ég sá Jóa, sagði Fúsi.
Jói var að fara í afmæli.

Já, afi Jóa á afmæli,
sagði mamma.

Hvern hittir Fúsi á leiðinni út í búð? Hver átti afmæli?
Hvað er Fúsi að borða? Hvernig er melóna á litinn? En á bragðið?



Á Jónas í Nesi ananas?

Á Jónas í Nesi melónu?

Á afi Jóa afmæli?

Á afi Fúsa afmæli?

Fær afi Fúsa far-síma?

Fær afi Jóa far-síma?

Nokkur orð um notkun bókarinnar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli og myndum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin. Þegar barnið hefur lesið textann má svo spyrja spurninga úr textanum til að ganga úr skugga um lesskilninginn.

Verkefnablöð með sögunni má finna á vef Menntamálastofnunar www.mms.is.

Melóna

Lestrarbók 7a

ISBN 978-9979-0-2510-8

© 2004 Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© 2004 teikningar Margrét E. Laxness

Ritstjórn: Sýlvía Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2004

önnur prentun 2017

þriðja prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Margrét E. Laxness

Litgreining og prentun: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir j og f sérstaklega æfðir auk orðmyndanna **ekki**, **sagði** og **mamma**.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Margrét E. Laxness.